

**Íþróttafélagið Þór
Ársskýrsla
2022**





Aðalstjórn Þórs ásamt framkvæmdastjóra eftir aðalfund félagsins í apríl 2022.

Frá vinstri: Unnsteinn Einar Jónsson, Eva Björk Halldórsdóttir, Ragnar Niels Steinsson, Íris Ragnarsdóttir, Nói Björnsson varaformaður, Þóra Pétursdóttir formaður, Þorgils Sævarsson, Jakobína Hjörvarsdóttir, Ingi Steinar Ellertsson og Reimar Helgason framkvæmdastjóri.

Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar	3
Handknattleiksdeild	7
Keiludeild	11
Hnefaleikadeild	12
Knattspyrnudeild	14
Körfuknattleiksdeild	24
Taekwondodeild	30
Pollamót Samskipa	32
Heil-inn hugarþjálfun	33
Látnir félagar	34
Íþróttældhugi ársins	36
Herra- og kvennakvöld	37
Lög félagsins	38
Stjórnir deild	42

Útgefandi og ábyrgðaraðili:

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs

Í ársskýrsluna vantar efni um rafíþróttadeild og píludeild, en það barst ekki til ritstjóra fyrir uppsetningu skýrslunnar.

Flestar af myndum ársskýrslunnar:

Páll Jóhannesson fyrir thorsport.is

Skapti Hallgrímsson fyrir Akureyri.net.

Íþróttafélagið Þór 2023

Allur réttur áskilinn

www.thorsport.is

Skýrsla aðalstjórnar

Skýrsla aðalstjórnar um starfsárið 2022-2023

Sú aðalstjórn sem tók við á aðalfundi félagsins árið 2022 var samansett af fjórum aðilum sem sátu áfram frá fyrri stjórn þeim Írisi Ragnarsdóttur, Þorgils Sævarssyni, Unnsteini Jónssyni og Þóru Pétursdóttur sem tók við formennsku stjórnar á fundinum. Inn komu fimm nýir stjórnarmeðlimir, Ragnar Níels Steinsson, Eva Halldórsdóttir, Nói Björnsson, Ingi Steinar Ellertsson og Jakobína Hjörvarsdóttir sem er fulltrúi unga fólksins. Ingi Björnsson lét af formennsku aðalstjórnar eftir fjögurra ára setu ásamt því að Helga Lyngdal, Brynja Sigurðardóttir, Hulda Elma Eysteinsdóttir og Kristinn Ingólfsson fóru úr stjórn. Íþróttafélagið Þór þakkar þeim fyrir framlag þeirra síðustu ár.

Hjá Íþróttafélaginu Þór eru 35 starfsgildi á ársgrundvelli og eru átta deildir innan félagsins. Fastir fundir aðalstjórnar voru tveir í mánuði en einnig höfum við reynt að funda töluvert með stjórnnum. Þessir fundir hafa veitt okkur mikla sýn inn í störf deildanna en einnig styrkt samskiptin. Verkefni aðalstjórnar þetta

árið voru fjölbreytt og sem dæmi má nefna að vinna var sett í að gera og uppfæra starfslýsingar starfsmanna aðalstjórnar og hafa árleg starfsmannasamtöl. Heilinn hugarþjálfunarverkefnið okkar hélt áfram og var lögð áhersla á fræðslu fyrir þjálfara þetta árið.

Eitt stærsta mál aðalstjórnar er að vinna að því að félagið sameinist á einum stað og hefur stjórnin sett af stað mörg verkefni sem tengjast því að Íþróttafélagið Þór sé eitt félag.

Orðunefnd er komin vel af stað aftur eftir hlé og er stefnt að því að stór hópur fólks fái viðurkenningu fyrir störf sín hjá félaginu á árinu 2023. Fram undan er vinna við skipurit og handbók félagsins samhliða vinnu sem er hafin við gildi, ásýnd og slagorð félagsins.



Eitt stærsta mál aðalstjórnar er að vinna að því að félagið sameinist á einum stað og hefur stjórnin sett af stað mörg verkefni sem tengjast því að íþróttafélagið Þór sé eitt félag. Dæmi um slík verkefni er svokallaður „matseðill“ fyrir allar deildir félagsins og snýr að því að allar deildir hafi sömu upplýsingar og njóti sömu kjara þegar kemur að ferðum á vegum félagsins.

Búningastefna hjá félaginu er á lokametrunum en hún snýr að því að allt félagið sé með samning við sama framleiðanda á íþróttafatnaði og það verði þá einn félagsgalli óháð deildum í náinni framtíð. Einnig er verið að vinna að því að allar deildir finni að Hamar sé þeirra félagsheimili.

Reksturinn var krefjandi, bæði hjá deildum og félaginu í heild. Þeir opinberu styrkir sem fengust í covid voru ekki lengur til staðar og rekstrar og launakostnaður hækkaði. Í þessu umhverfi var þekking starfsfólks íþróttafélagsins á rekstri gríðarlega mikilvæg. Staða

deilda félagsins er mjög misjöfn, sumar deildir eru að vinna við mjög krefjandi aðstæður á meðan aðrar eru reknar með miklum ágætum. Unglingaráð deildanna spila lykilhlotverk innan veggja Þórs og í dag eru þessi ráð mjög vel mönnuð og virkilega spennandi tímar framundan. Ljóst að framtíð Þórs er björt.

Unglingaráð félagsins spila lykilhlotverk innan veggja Þórs og í dag eru þessi ráð mjög vel mönnuð og virkilega spennandi tímar framundan.

Aðstöðumál á félagssvæði Þórs hafa verið fyrirferðarmikil í vinnu aðalstjórnar síðastliðið ár.

Einhverjir muna kannski eftir súpu fundunum í Hamri fyrir sveitarstjórnar-

kosningar 2022 þar sem við fengum flokka og fólk í framboði í heimsókn.

Markmiðið með fundunum var m.a. að vekja athygli á kröfu okkar Þórsara um endurskoðun á skýrslu sem gefin var út af Akureyrarbæ árið 2019 um forgangsröðun íþróttamannvirkja. Við Þórsarar höfum ávallt lýst yfir óánægju með þessa skýrslu því miðað við skýrsluna þá áttu framkvæmdir á félagssvæði



Nú eru krítískir tímar í aðstöðumálum félagsins og er staðreyndin sú að nánast öll uppbygging íbúðabyggðar á Akureyri er skipulögð norðan Glerár til ársins 2030, eða um 3.000 íbúa byggð.

Þórs á hefjast í fyrsta lagi á árinu 2030.

Samhliða þessum fundum gaf Íþróttafélagið út skýrslu um framtíðaruppbyggingu á félagssvæðinu sínu þar sem komu skýrt og greinilega fram óskir og vilji Íþróttafélagsins ásamt rökum fyrir þessari kröfu okkar um endurskoðun á skýrslu Akureyrarbæjar.

Þór hefur lagt áherslu á að leggja fram rök og reyna eftir fremsta megni að nálgast umræðuna út frá hlutlægum gögnum. Aldrei hefur komið fram að skýrsla um forgangsriðun íþróttamannvirkja væri óþörf eða vond hugmynd í sjálfu sér heldur að forsendur hefðu breyst og vinnubrögðum hefði verið ábótavant í skýrslunni.

Á haustdögum gaf Þór út aðra skýrslu og sú var um frumþarfa greiningu fyrir nýtt fjölnota íþróttahús og gervigrasvöll á Þórssvæðinu. En þessir tveir þættir

eru helsta hagsmunamál félagsins þegar kemur að aðstöðu fyrir börn og unglíngla til íþróttaiðkunar innan félagsins. Það er mikilvægt að efla félagsandann og er stefna Þórs að koma öllum deildunum heim því staðreyndin er sú að á félagssvæði Þórs eru tvær af átta deildum félagsins með aðstöðu til æfinga, knattspyrna og rafíþróttir. Aðrar deildir félagsins hafa aðstöðu vítt og breitt um bæjarfélagið og staðreyndin er sú að 35% af iðkendum félagsins eiga aldrei erindi á félagssvæði Þórs. Þessum iðkendum

fylgja einnig foreldrar og sjálfboðaliðar. Allir þessir aðilar eru hluti af dýnamíkinni sem þarf til að vera eitt félag og finnast við tilheyra því sama.

Nú eru krítískir tímar í aðstöðumálum félagsins og er staðreyndin sú að nánast öll uppbygging íbúðabyggðar á Akureyri er skipulögð norðan Glerár til ársins 2030 eða um 3.000 íbúa byggð.

Íþróttahús á Þórsvæðinu er stórt hagsmunamál Þórsara og í raun allra Akureyringa. Með tilkomu nýs Íþróttahús þá mun losna um fjölda tíma í öðrum íþróttahúsum bæjarins sem sveitarfélagið getur útteilt til annarra félaga og bætt aðstöðu til ýmiss konar íþróttaiðkunar almennings. Þessi viðbót mun hafa gríðarlega jákvæð áhrif á samfélagið sem heild á Akureyri þar sem mikil vöntun er á aðstöðu til æfinga innanhús. Síðast en ekki síst mun nýtt hús stytta vinnudag barna á Akureyri en margir iðkendur stunda æfingar mjög seint á kvöldin og fjöldi æfinga fellur niður um helgar þegar húsin eru nýtt til keppni eða annarra viðburða.

Skemmst er frá því að segja að núverandi meirihluti hefur gefið það út að þeir ætli að endurskoða skýrsluna en ekki hefur enn komið fram með hvaða hætti sú endurskoðun verður.



Margir óformlegir fundir hafa átt sér stað með fulltrúum Akureyrarbæjar, en hópur hefur verið skipaður af aðalstjórn sem sinnir þessum viðræðum fyrir hönd íþróttafélagsins. Íþróttafélagið Þór hefur væntingar um að þessi vinna verði skilvirk og fagleg.

Aðstöðu- og skipulagsmál félagssvæðisins verða áfram viðamikil í starfi næstu aðalstjórnar. Stefnt er að halda félagsfund og upplýsa um stöðu mála þegar viðræður við bæinn eru komnar áleiðis. Þó svo að árið hafi verið þungt þá eru frábærir hlutir að eiga sér stað í starfinu, mikil gróska bæði utan og innan vallar.

Íþróttahús á Þórsvæðinu er stórt hagsmunamál Þórsara og í raun allra Akureyringa. Nýtt hús mun stytta vinnudag barna á Akureyri.

Að lokum langar aðalstjórn að þakka starfsfólki félagsins fyrir vel unnið störf árinu við krefjandi aðstæður. Einnig viljum við þakka stjórnarfólki og öðrum sjálfboðaliðum

fyrir samstarfið, óeigingjarna vinnu, elju og metnað við ekki síður krefjandi aðstæður. Að endingu þökkum við öllum styrktaraðilum mikilvægan stuðning við starfsemi félagsins.

Áfram Þór!
Aðalstjórn Þórs



Handknattleiksdeild

Undanfarin ár hafa verið ár endurnýjunar og næstu ár spennandi þar sem ungir leikmenn eru að koma inn í meistaraflokkinn í bland við eldri og leikreyndari menn. Það er markmið deildarinnar að veita ungum leikmönnum tækifæri til að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins. Margir efnilegir leikmenn eru smám saman að fá stærra hlutverk með liðinu. Leikmannahópurinn tók einnig breytingum á tímabilinu þar sem tveir af þremur útlendingum liðsins komu ekki til baka eftir áramótin, við þessar

breytingar var ljóst að ekki var mikil breidd í leikmannahópnum en að sama skapi opnaðist tækifæri fyrir yngri leikmenn liðsins að fá dýrmætar mínútur sem varð svo að veruleika þar sem margir drengir fara inn í þetta sumar með sínar fyrstu mínútur með meistaraflokki í farteskinu. Árangur liðsins var undir væntingum og liðið við botninn í árslok. Deildin gerði þriggja ára samning við þjálfarann Stevce Alusovski í maí í fyrra en í lok nóvember skildu leiðir og honum sagt upp störfum þar sem árangur liðsins og



Aðalsteinn Ernir Bergþórsson var kjörinn handknattleikskarl Þórs árið 2022.
Mynd: Skapti Hallgrímsson.

frampróun var ekki í samræmi við væntingar og plön. Halldór Örn Tryggvason kom tíma-bundið inn en svo voru þeir bræður Geir Kristinn og Sigurpáll Árni ráðnir sem þjálfarar liðsins fram á vorið. Stuðningur fyrirtækja við handknattleiksdeild Þórs er ómetanlegur og hefur deildin í gegnum tíðina verið lánsöm með trausta bakhjarla. Hins vegar hafa mörg fyrirtæki dregið úr styrkjum og reksturinn því verið þungur. Mikil vinna hefur farið í að safna styrkjum og er það því miður svo að rekstur deildarinnar hefur gengið upp og ofan síðast-liðið ár þrátt fyrir að allverulega hafi verið dregið úr útgjöldum. Við viljum þakka öllum

Bygging íþróttahúss á félags-svæðinu er lykilatriði í áfram-haldandi uppbyggingu deildarinnar.

styrktaraðilum fyrir samstarfið sem og okkar einstöku sjálfbóðaliðum. Fyrir deildina starfar samstilltur hópur sem þarf að fjölga enn frekar í því það er vissulega svo að margar hendur vinna létt verk. Deildin gerði samning við New Wave Iceland síðastliðið haust og er nú spilað og æft í Craft-fatnaði. Í stjórn handknattleiksdeildar voru sjö manns en það fækkaði um einn í desember. Fram undan er mjög spennandi tími í handbolta hjá Þór en það eru þrjú atriði sem vege hvað þyngst þar:

- 1. Mikilvægt er að deildin hafi nægt fólk til starfa í stjórnun unglingaráðs og handknattleiksdeildarinnar.**
- 2. Að áframhaldandi fjölgun verði meðal yngri iðkenda og stöðug frampróun meistaraflokks eigi sér stað.**
- 3. Bygging íþróttahúss á félags-svæðinu er lykilatriði í áframhaldandi uppbyggingu deildarinnar.**

Stjórn handknattleiksdeildar Þórs mun taka breytingum á komandi ári þar sem nokkrir aðilar í stjórn ætla að láta staðar numið hvað stjórnarstörf varðar. Mikil

vinna hefur verið á fáum höndum og mikilvægt að fá nýtt fólk inn til að halda starfi deildarinnar áfram.

Meistaraflokkur kvenna

Þór og KA eiga í samstarfi um rekstur handbolta kvenna í meistaraflokki og yngri flokkum frá 7. flokki. Rekstur handbolta kvenna í meistaraflokki og yngri flokkum er undir handknattleiksdeild KA, en einingin er rekin sjálfstætt undir merkjum KA/Þórs.

Félagið hefur fest sig í sessi í efstu deild handboltans og skemmst að minna frækinnu afreka á árinu 2021, en vorið 2022 endaði liðið í 3. sæti Olísdeildarinnar, aðeins tveimur stigum frá deildarmeisturunum. KA/Þór komst í undanúrslit Coca Cola-bikarkeppninnar, en beið þar lægri hlut á móti Fram. Í úrslitakeppni Olísdeildarinnar vann liðið Hauka í fyrstu umferðinni, en beið svo lægri hlut í spennandi undanúrslitaeinvígi gegn Val.

H Haustið 2022 tók liðið þátt í Evrópukeppni í fyrsta skipti og stóðu stelpurnar sig með sóma. Félagið átti fulltrúa í A-landslíði, sem og U18 og U16 landsliðunum.

Starfsemi og árangur KA/Þórs í yngri flokkum hefur verið til fyrirmyndar á undanförunum árum og var árið 2022 engin undantekning þar á. Félagið vann bikarmeistaratitil í 4. flokki.

Yngri flokkar

Stjórn unglingaráðs handboltans hjá Þór er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

- ◆ **Páll Þ. Pálsson**
formaður
- ◆ **Anna Kristín Magnúsdóttir**
gjaldkeri



Arna Valgerður Erlingsdóttir aðstoðarþjálfari, Nathalia Soares Baliana og Rut Arnfjörð Jónsdóttir.
Ljósmynd: Skapti Hallgrímsson - Akureyri.net.

- ◆ **Inda Björk Gunnarsdóttir**
ritari
- ◆ **Benedikt Ármannsson**
meðstjórnandi
- ◆ **Kristinn Frímenn Jakobsson**
meðstjórnandi
- ◆ **Bjarni Pétursson**
meðstjórnandi

Starfið gekk vel á árinu 2022 og mikið var um að vera.

Iðkendur yngri flokka í handknattleik voru 282 í vetur. Í 8. og upp í 3. flokk voru 130 iðkendur en þeim fjölgaði talsvert í öllum flokkum í kringum áramót.

Iðkendur í handboltaskóla Þórs voru 120. Við færðum út kvíarnar og settum upp handboltaæfingar á Dalvík og móttökur þar hafa verið góðar og 31 iðkandi er skráður þar. Þeir iðkendur sem búa á Dalvík, geta alltaf komið á æfingar á Akureyri, hvort sem er hjá Þór eða KA/Þór. Áframhald mun verða á þessu samstarfi næsta vetur.

Iðkendur okkar á Akureyri stunduðu æfingar í Síðuskóla og Íþróttahöllinni. Í haust þurfti að loka íþróttahúsinu við Síðuskóla vegna viðgerða á gólfi hússins. Það setti strik í reikninginn en æft var á ýmsum stöðum á meðan framkvæmdum stóð, eins þegar gert var við viðgerðina. Við sem komum að handboltanum teljum það nauðsynlegt að reist verði íþróttahús á félagssvæði Þórs í nánustu framtíð til að bæta aðstæður til handboltaiðkunar.

Þjálfarahópurinn okkar samanstendur af bæði eldri og reynslumiklum þjálfurum en einnig ungum og efnilegum þjálfurum með mikinn metnað. Unglingaráð

hefur stutt vel við bakið á þjálfurum þegar kemur að því að afla sér aukinnar menntunar í þjálfunarfræðum. Hafa þjálfarar t.d. farið á námskeið erlendis og fengið ýmiskonar fræðslu í tengslum við mataræði og hugarþjálfun.

Eftirtaldir sáu um þjálfun í vetur:

- ◆ Yfirþjálfari
Halldór Örn Tryggvason,
sá einnig um þjálfun á Dalvík.
- ◆ 7.- 8. flokkur
Jonn Rói Tórfinnsson
Jón Ólafur Þorsteinsson
- ◆ 6. flokkur
Viktor Ernir Geirsson
Viðar Reimarsson



- ◆ 5. flokkur
Ágúst Lárusson
Jón Eyberg Bjarnason
Erla Hleiður Tryggvadóttir
- ◆ 4. flokkur
Arnór Þorri Þorsteinsson
Viktor Ernir Geirsson
- ◆ 3. flokkur
Þorvaldur Sigurðsson
Ingólfur Samúelsson

Rekstrarleg staða unglíngaráðs er sterk. Fjárhagur unglíngaráðs hefur verið í góðu jafnvægi undanfarin ár og varð engin breyting á

því í ár þrátt fyrir að ýmsir kostnaðarliðir eins og ferðakostnaður hafi hækkað töluvert milli ára.

Það er mjög gefandi og skemmtilegt að taka þátt í starfi unglíngaráðs og hvetjum við þá aðstandendur sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu að hafa samband við okkur, við getum alltaf bætt við okkur góðu fólki.

Að lokum vill stjórn unglíngaráðs þakka öllum iðkendum, foreldrum, aðstandendum,

þjálfurum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum fyrir samstarfið í vetur. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi og erum sannfærð um að næsti vetur verði frábær.

Guðmundur Konráðsson á verðlaunapalli á EM öldunga, 65+, þar sem hann náði 2. sæti af 254 keppendum.



Keiludeild

Árið hjá keiludeild Þórs hefur einkennst af aðstöðuleysi eins og fyrri ár. Heimavöllur liðanna er á Akranesi og eru því öll mót spiluð þar eða í Reykjavík. Deildin fer að meðaltali eina ferð í mánuði þar sem er tekin æfing og keppt. Í slíkum ferðum eru spilaðir 4-5 leikir og er þetta um tíu manna hópur sem tekur þátt í mótum á vegum deildarinnar.

Síðasta vetur spiluðu lið Þórs í 2. og 3. deildinni og er skemmst frá því að segja að annað liðið fór upp um deild og spilar því í fyrstu deild á komandi tímabili. Hitt Þórslíðið var einnig mjög nálægt því að komast upp um deild.



Síðasta sumar fóru fjórir iðkendur á Evrópu-meistaramótið fyrir 50 ára og eldri og þar vann Guðmundur Konráðsson til silfurverðlauna í sínum flokki.



Hnefaleikadeild

Árið 2022 höldum við úti 12-15 ára flokki, 16 ára og eldri og svo byrjuðum við með boxþrektíma sem ætlaðir eru öllum aldri. Við höldum nokkur grunnnámskeið og eitt námskeið sem var bara fyrir konur. Einnig tókum við þátt í skólavalinu og geta nemendur grunnskólanna stundað hnefaleika einu sinni í viku.

Við vorum með níu keppendur sem kepptu í diplómahnefaleikum, sjö stráka og tvær stelpur. Fjórir af þeim fengu diplómaviður-

kenningu HNÍ, þrír fengu bronsmerki HNÍ og einn sem fékk silfurmerki HNÍ í Hnefaleikaskóla HNÍ (Hnefaleikasamband Íslands) og við vorum með sex keppendur í ólympískum hnefaleikum, fjóra karla og tvær konur. Einn af þeim varð Íslands- og bikarmeistari í ofurþungavigt (+92kg).

Daði Ástþórsson, sem hefur verið aðalþjálfari deildarinnar frá stofnun, sagði upp starfinu til að flytja til Keflavíkur. Hann hætti 1. júlí og við tók Garðar Darri Gunnarson sem aðal-

þjálfari og Lena Dís Sesseljudóttir sem unglingaþjálfari.

Reksturinn hefur gengið þokkalega. Fyrir utan einstaka styrki eins og frá Norðurorku höfum við ekki getað fundið neina stuðningsaðila við hnefaleikastarfið en vonumst til að það breytist árið 2023. Við höfum reynt að hafa æfingagjöldin eins lág og við mögulega getum til þess að fjárhagur sé ekki ástæðan fyrir því að fólk geti ekki æft hjá okkur.

Stjórn 2022

Sævar Ingi Rúnarsson formaður

Marta María Kristjánsdóttir gjaldkeri

Hreinn Viðar Gunnlaugsson ritari

Tomasz Mackiewich

Helga María Harðardóttir



Búningamál eru í ágætum farvegi. Flest eiga sinn keppnisbúning, en deildin á líka búninga til að lána þeim sem hafa ekki áhuga á að kaupa og/eða eru ný hjá deildinni.

Aðstaðan sem við æfum í er aðeins of lítil. Við myndum vilja að minnsta kosti tvöfalt stærri sal. Um leið og búið er að setja upp hringinn er hálfur salurinn farinn, við höfum nú haldið nokkur unglingamót í salnum og eftir því sem fleiri keppendur taka þátt því

erfiðara verður það, því það er bara hvorki pláss fyrir keppendur til að hita upp, né áhorfendur.

Einnig skerðir smæðin líka töluvert það æfingaúrval sem hægt er að láta iðkendur gera.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru hnefaleikar á Akureyri klárlega á uppleið. Fleiri og fleiri eru að leita eftir því að stunda hnefaleika og þau sem hafa verið að stunda þá eru byrjuð að skila góðum árangri.



Elmar Freyr Aðalheiðarson er hnefaleikamaður Þórs 2022.

Hann varð bæði Íslands- og bikarmeistari á árinu.



Meistaraflokkur karla 2022

Aftari röð frá vinstri: Þorlákur Már Árnason þjálfari, Jónas L. Sigursteinsson markvarðþjálfari, Sveinn Leó Bogason aðstoðarþjálfari, Nikola Kristinn Stojanovic, Alexander Már Þorláksson, Sigurður Marinó Kristjánsson, Sigfús Fannar Gunnarsson, Ragnar Óli Ragnarsson, Birgir Ómar Hlynsson, Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Elvar Baldvinsson, Orri Sigurjónsson, Fannar Daði Malmquist Gíslason, Gestur Arason liðsstjóri, Arnar Geir Halldórsson aðstoðarþjálfari, Páll Hólm Sigurðarson styrktarþjálfari. **Fremri röð frá vinstri:** Ingimar Arnar Kristjánsson, Páll Veigar Ingvason, Harley Bryn Willard, Vilhelm Ottó Biering Ottósson, Ion Perelló Machi, Auðunn Ingi Valtýsson, Bjarki Þór Viðarsson fyrirliði, Aron Birkir Stefánsson, Kristófer Kristjánsson, Birkir Ingi Óskarsson, Hermann Helgi Rúnarsson og Viðar Már Hilmarsson. Leikmenn sem spiluðu með meistaraflokki í sumar en eru ekki á myndinni: Aron Ingi Magnússon, Ásgeir Marinó Baldvinsson, Elmar Þór Jónsson, Jewook Woo, Jordan Damachoua og Sammie Thomas McLeod.

Mynd: Páll Jóhannesson

Knattspyrnudeild

Það urðu gríðarlega miklar breytingar á leikmannahópi karlalíðs Þórs haustið 2021. Margir leikmenn hurfu á braut og þó nokkrir af þeim voru með mikla reynslu. Líðið sótti sér fáa leikmenn og treysti frekar á eigin leikmenn sem höfðu verið lánaðir út árið áður sem og á yngri leikmenn sem voru að koma upp í félaginu. Af 11 leikjahæstu leikmönnum 2021 voru einungis þrjú leikmenn sem voru með þeim 11 leikjahæstu árið 2022. Má því segja að nýliðun hafi verið mikil á árinu 2022 og að

fyllt hafi verið inn í átta leikstöður í liðinu, það eru eins og flestir gera sér grein fyrir gríðarlega miklar breytingar.

Undirbúningstímabilið gekk í heildina vel. Þórslíðið spilaði sína bestu leiki gegn efstudeildarliðum eins og Breiðabliki, Stjörnunni og ÍA en leikir gegn liðum í sömu deild og neðar voru misjafnir. Það má þó segja að væntingar hafi verið töluverðar þar sem að það voru teikn á lofti um betri tíð.

Keppnistímabilið var í heildina Þórslíðinu

gríðarlega erfitt en einnig skemmtilegt og lærdómsríkt. Fyrri umferðin var slök af okkar hálfu þar sem við fengum 11 stig í 11 leikjum og vorum í 10. sæti af 12 liðum.

Liðið átti inn á milli ágætis leiki en skorti stöðugleika og liðsheild til þess að taka fleiri stig.

Seinni umferðin var góð af hálfu liðsins og með komu Alexanders Más og Ions Perelló fór að myndast gott jafnvægi í liðinu í vörn og sókn og spilamennska liðsins varð mun betri. Það er ekki algengt að jafn ungt lið og Þórslíðið er nái að snúa slæmu gengi við líkt og

strákarnir gerðu sumarið 2022.

Þórslíðið fékk aðeins átta mörk á sig í síðustu tíu leikjum mótsins og liðið sigraði bæði toppliðin Fylki og HK heima. Niðurstaðan varð því 30 stig í 22 leikjum og 6.- 7. sæti í deildinni.

Árangur félaga í meistaraflokki byggist á tveimur þáttum, þróun leikmanna og að vinna leiki.

Hvað varðar þróun einstakra leikmanna þá er hefur það

gengið mjög vel. Það eru ansi mörg ár síðan að Þór hafi átt

jafn marga unga og efnilega

leikmenn og lítum við björtum augum til framtíðar, liðsins og félagsins. Orri Sigurjónsson var valinn besti leikmaður ársins hjá okkur og Bjarni Guðjón Brynjólfsson efnilegastur. Orri kvaddi svo félagið í lok tímabils, eftir að hafa spilað með Þór allan sinn feril. Orri gekk til liðs við Bestu deildar lið Fram og óskum við honum alls hins besta.

Þjálfarar meistaraflokks karla

- ◆ **Þorlákur Már Árnason**
aðalþjálfari
- ◆ **Sveinn Leó Bogason**
aðstoðarþjálfari
- ◆ **Páll Hólm Sigurðarson**
styrktarþjálfari
- ◆ **Stefán Ingi Jóhannsson**
sjúkrarþjálfari
- ◆ **Jónas L. Sigursteinsson**
markvarðarþjálfari
- ◆ **Gestur Arason**
liðsstjóri



Bjarni Sigurðsson, þáverandi formaður knattspyrnudeildar, og Aron Ingi Magnússon, þegar sá síðarnefndi var lánaður til Venezia á Ítalíu.

Um mitt sumar fjölgaði Þórsurum í atvinnumennsku þegar Aron Ingi Magnússon gekk til liðs við ítalska B-deildarliðið Venezia. Um er að ræða lánssamning sem kveður á um það að ítalska félagið geti keypt Aron til sín að lánstímanum loknum eða á meðan á honum stendur. Aron Ingi er fæddur árið 2004 og var því á miðári í 2. flokki síðasta sumar en var

fastamaður í meistaraflokksliði Þórs í Lengjudeildinni. Hann spilaði níu leiki og skoraði í þeim eitt mark áður en hann hélt til Ítalíu í júlí. Alls hefur Aron Ingi leikið 18 leiki fyrir meistaraflokk Þórs eftir að hafa farið í gegnum alla yngri flokka félagsins.

Rekstur

Rekstur knattspyrnudeildar Þórs var nokkuð erfiður á árinu 2022 en heildartekjur knattspyrnudeildarinnar á árinu 2022 voru 135,7 m.kr. á meðan gjöldin voru 152,1 m.kr. og var heildartap með hlutdeild úr rekstrarafkomu Þórs/KA 22,0 m.kr.

Búningamál

Stjórn knattspyrnudeildar Þórs og stjórn Þórs/KA gerðu nýjan samning um íþróttafatnað við Macron á Íslandi og gildir samn-

Stjórn 2022

Bjarni Sigurðsson - formaður
Birkir Hermann Björgvinsson
Hlynur Birgisson
Sigurður Grétar Guðmundsson
Sævar Eðvarðsson

ingurinn til næstu fjögurra ára. Macron er ört vaxandi íþróttavöruframleiðandi með höfuðstöðvar í Bologna á Ítalíu. Msport í Kaupangi mun sjá um alla sölu og þjónustu á vörum í vörulínunum Þórs og Þórs/KA í samstarfi við Macron í Reykjavík. Með samningnum lýkur fjögurra ára tímabili okkar í Nike-fatnaði. Þórsvörur og Þór/KA-vörur verða fánlegar í Msport í Kaupangi, en einnig starfrækir Macron vefverslun, macronnordurland.is, þar sem hægt er að skoða og panta vörur.

Aðstaða

Í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir næstu ár er gert ráð fyrir fjárveitingum vegna Þórs-svæðisins árin 2024 og 2025, 180 og 185 milljónum króna. Reikna má með að þessar fjárveitingar fari í að byggja upp gervigrasvöll á Þórssvæðinu. Þessar tölur eru óháðar því hvort og hvenær gervigras í Boganum verður endurnýjað enda er Boginn ekki hluti af Þórssvæðinu á sama hátt og æfingasvæðin og keppnisvöllurinn úti þó svo Boginn hafi verið byggður á Þórssvæðinu. Eins og flestum ætti að vera kunnugt er tímum í Boganum úthlutað til



Úr leik Þórs og Fylkis í Lengjudeildinni 2022.
Mynd: Páll Jóhannesson.

og hann nýttur af fleiri félögum en Þór, sem og til annarra íþróttagreina en knattspyrnu. Sá misskilningur virðist þó ótrúlega oft stýra umræðunni að fjárveitingar til viðhalds og endurnýjunar í Boganum séu fjárveitingar til Íþróttafélagsins Þórs, sem er fjarri sanni. Viðræður og ákvarðanir bíða aðalstjórnar Þórs og fulltrúa Akureyrarbæjar, en gera má ráð fyrir að líklegasta staðsetning á gervigrasvelli sé Ásinn, æfingasvæðið suður af Boganum, við hliðina á aðalvellingum. Það er öllum Akureyringum orðið löngu ljóst að aðstöðuskortur hjá Þór er mikill, á því verður vonandi bragarbót, strax á næsta ári eins og ráð er fyrir gert.

Lokaorð

Á árinu 2022 tefldum við fram meistara-flokksliðum, bæði hjá körlum og konum, með mjög lágan meðalaldur. Fjölmargir ungir leikmenn fengu tækifæri í meistara-flokksfótbolta, tækifæri sem hefur þroskað okkar unga fólk og hjálpað því að taka næsta skref. Stefnan hjá knattspyrnudeild Þórs verður áfram að leggja mikla áherslu á framþróun iðkenda sinna. Árangur mælist ekki eingöngu í titlum heldur í svo mörgu öðru, meðal annars í þróun og þroska unga fólksins úr okkar eigin röðum, frá ungliðastarfinu okkar og yfir í að fá tækifæri til að reyna sig í heimi atvinnu-mennsku, líkt og margir iðkendur stefna að. Grasrótarstarfið blómstrar, yngri flokkarnir okkar eru fyllilega samkeppnis-hæfir við það sem best gerist hér á landi.



Bjarni Guðjón Brynjólfsson (t.h.), íþróttakarli Þórs 2022, ásamt Ragnari Sverrissyni, gefanda verðlaunagripanna. Mynd: Skapti Hallgrímsson - Akureyri.net.

Haustið 2022 átti Þór fulltrúa á öllum landsliðsæfingum yngri landsliða kvenna og karla. Aðeins tvö lið náðu þessum árangri Þór og Breiðablik. Ungu fólkið úr okkar röðum vann Íslands- og bikarmeistaratitla á árinu, sjálfu sér, þjálfurunum og félaginu til sóma. Að viðhalda rekstri og jákvæðri framgöngu, innan vallar sem utan, verður áfram ærið verkefni. Þór hefur notið stuðnings öflugra fyrirtækja og einstaklinga og fyrir það viljum við þakka sérstaklega, án sterkra bakhjarla væri ekki hægt að reka jafn öflugt starf og raun ber vott um. Stjórn Knattspyrnudeildar Þórs þakkar samstarfsfyrirtækjum ómetanlegan stuðning á árinu og í gegnum tíðina. Við þökkum starfsfólki félagsins, sjálfbóðaliðum, leikmönnum og þjálfurum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Að lokum viljum við þakka þér, kæri Þórsari og stuðningsmaður.

Áfram Þór!

Knattspyrnudeild - yngri flokkar



Knattspyrnudeild, yngri flokkar

Unglingaráð knattspyrnudeildar heldur úti kraftmiklu starfi fyrir börn á aldrinum 3-20 ára sem æfa undir handleiðslu menntaðra þjálfara allan ársins hring. Æft er í í þrettán flokkum þar sem jafnan eru tveir árgangar saman í hverjum flokki, að elsta (2.flokki) og yngsta (8.flokki undanskildum) þar sem þrír árgangar eru saman.

29 þjálfarar þjálfu allan ársins hring í yngri flokkum Þórs, tveir í fullu starfi. Yngstu þjálfararnir eru sextán ára gamlir en þeir elstu 53ja ára. Yfir sumartímenn bætist í þjálfarahópin þegar elstu iðkendurnir fá að reyna sig við aðstoðarþjálfun. Er þar um að ræða ungmenni sem koma úr yngriflokka-starfinu og eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. eru þau ráðin í sumarvinnu hjá Akureyrarbæ og vinna hjá Þór. Þetta er mikilvægur liður fyrir okkur í að finna nýja unga og upprennandi þjálfara í yngri flokka starfið í nánustu framtíð.

Það verður þó ekki hjá því komist að hafa áhyggjur af nánustu framtíð ef ekkert verður að gert til að bæta æfinga- og keppnisaðstöðu félagsins hið snarasta.

Að manna þjálfara-
stöður í yngstu
flokkana er verulega
krefjandi í ljósi þess
að Akureyrarbær
hefur hvatt íþróttafé-
lögin til þess að þeir
flokkar (1.-4. bekkur)
æfi milli klukkan 14
og 16 á daginn til að
fá samfellu í skóla-

starf og íþróttir. Það gerir það að verkum að ómögulegt er fyrir íþróttafélögin að fá kennara til að sinna þjálfun sem væri langbesti kosturinn fyrir íþróttafélögin þar sem það skiptir miklu máli að fá uppeldisfræðimenntað fólk inn á gólf til okkar í þjálfun yngstu barnanna.

Ef vel ætti að vera þyrfti Akureyrarbær að koma til móts við kennara sem vilja þjálfu.

Árið 2022 unnu þrjú Þórslið til gullverðlauna á Íslandsmóti KSÍ. B-lið 5. flokks karla, A-lið 4. flokks karla og A-lið 3. flokks kvenna. Tvö síðarnefndu liðin fóru

einnig alla leið í bikarúrslit þar sem stelpurnar unnu en strákarnir töpuðu 0-1 fyrir Breiðabliki. 32 leikmenn úr yngri flokkum Þórs tóku þátt í landsliðsverkefnum KSÍ árið 2022 og sextán þeirra léku landsleiki fyrir yngri landslið Íslands.

Yngri flokkar Þórs leika í hefðbundnum keppnisbúningi Þórs, þ.e. hvítir sokkar, rauðar

stuttbuxur og hvítar treyjur. Ítalski framleiðandinn Macron sér um að framleiða Þórsbúninginn.

Umfang yngri flokka í íslenskri knattspyrnu hefur vaxið gríðarlega undanfarinn áratug og eru tvær stórar breytur sem eru helsta ástæða þess. Annars vegar hafa nær öll félög landsins slegið iðkendafjöldamet flest ár í kjölfar þess að íslenska karlalandsliðið tók þátt í lokamóti EM í Frakklandi árið 2016, ef frá eru talin covid-árin þar sem erfitt reyndist að halda utan um raunverulegar iðkendatölur. Hins vegar hefur KSÍ tekið stór framfaraskref þegar kemur að lengingu Íslandsmóts og er það nú svo að Íslandsmótið er í gangi frá byrjun mars fram í byrjun október í 2. og 3. flokki með tilheyrandi fjölgun leikja.

Þessu aukna umfangi hafa fylgt töluverðir vaxtarverkir og reynt bæði á innviði og aðstöðu félaganna. Þegar kemur að aðstöðu til æfinga og keppni í fótbolta stendur Þór verulega höllum fæti í samanburði við önnur íslensk félög af sömu stærðargráðu. Einnig hefur lenging mótsins haft í för með sér aukna fjárhagslega byrði, bæði á félögin á landsbyggðinni og einnig foreldra sem greiða sifellt fleiri krónur í ferðalög á milli landshluta og gistingu á höfuðborgarsvæðinu.

Á sumrin er æft alla virka daga á Þórs-svæðinu og eru æfingar í gangi á svæðinu frá 9:00 á morgnana til 21:00 á kvöldin. Við það bætast leikir í Íslandsmóti sem eru jafnt virka daga sem og um helgar.

Auk hefðbundinna æfinga er boðið upp sérhæfðar æfingar, annars vegar sérstakar

tækniæfingar fyrir ákveðna aldurshópa og hins vegar markmannsæfingar fyrir þá leikmenn sem kjósa að æfa mark.

Lokaorð

Nánasta framtíð er að mörgu leyti björt; aldrei hafa fleiri krakkar æft fótbolta hjá Þór og aldrei hefur félagið átt jafn marga leikmenn í



yngri landsliðum og árið 2022. Mikill kraftur er í iðkendum og það sem almennt einkennir æfingahópa félagsins er gott hugarfar til æfinga.

Það verður þó ekki hjá því komist að hafa áhyggjur af nánustu framtíð ef ekkert verður að gert til að bæta æfinga- og keppnisaðstöðu félagsins hið snarasta. Á sama tíma og iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarinn áratug hefur aðstaða félagsins versnað með hverju ári. Nýtilkomin lenging á Íslandsmótum yngri flokka gerir það að verkum að félagið verður að hafa heilan gervigrasvöll til umráða allt árið um kring ef vel á að vera.

Knattspyrnudeild - Þór/KA



Þór/KA meistaraflokkur 2022

Aftasta röð frá vinstri: Perry John James Mclachlan þjálfari, Þóra Reyn Rögnvaldsdóttir markvarðþjálfari, Steingerður Snorradóttir, Una Móeiður Hlynisdóttir, Sandra María Jessen, Unnur Stefánsdóttir, Hannes Bjarni Hannesson sjúkra- og styrktarþjálfari. Miðröð frá vinstri: Haraldur Ingólfsson, Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir, Ísfold Marý Sigtryggsdóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Angela Mary Helgadóttir, Amalía Árnadóttir, Jakobína Hjörvarsdóttir, Arna Eiríksdóttir og Jón Stefán Jónsson þjálfari. Fremsta röð frá vinstri: Iðunn Rán Gunnarsdóttir, Hulda Ósk Jónsdóttir, Tiffany McCarty, Sara Mjöll Jóhannsdóttir, Hulda Björg Hannesdóttir fyrirliði, Harpa Jóhannsdóttir, Saga Líf Sigurðardóttir, María Catharina Ólafsdóttir Gros og Margrét Árnadóttir. Leikmenn sem vanta á mynd: Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir, Raket Sjöfn Stefánsdóttir, Agnes Birta Stefánsdóttir, Arna Kristinsdóttir, Krista Dís Kristinsdóttir, Hulda Karen Ingvarsdóttir, Vigdís Edda Friðriksdóttir, Sonja Björg Sigurðardóttir og Briet Jóhannsdóttir.

Mynd: Skapti Hallgrímsson - Akureyri.net.

Þór/KA heldur úti liðum í meistaraflokki, 2. flokki og 3. flokki. Rekstur meistaraflokks er orðinn rótgróinn enda hefur sameiginlegt lið félaganna sem Þór/KA (og um tíma Þór/KA/KS) verið við lýði frá 1999, en þar á undan var starfrækt sameiginlegt lið árin 1993-1998 undir merkjum ÍBA. Félagið hefur haldið úti liði í 2. flokki frá 2002 og nú síðast hefur 3. flokkur bæst við reksturinn.

Árið 2022 var þriðja árið með sameiginlegt lið

í 3. flokki og fyrsta árið sem 3. flokkur var rekinn undir sama hatti og meistaraflokkur og 2. flokkur, en fyrstu tvö árin var sameiginlegt lið 3. flokks samstarf unglíngaráða félaganna.

Það er í senn spennandi út frá faglega þættinum, knattspyrnulega og þjálfunarlega séð, en eykur um leið umfang rekstrarins og hefur fært félaginu nýjar áskoranir sem tekið hefur tíma að ná tökum á. Með aukinni reynslu og vonandi betri rekstrargrundvelli fyrir yngri flokkana getum við horft bjartsýn

fram á veginn því það sem nóg er af hér á Akureyri eru ungar og hæfileikaríkar, vel þjálfaðar, knattspyrnukonur.

Mikið hefur verið um breytingar í leikmannahópi meistaraflokks hjá Þór/KA á hverju ári undanfarin ár. Nýir erlendir leikmenn hafa komið og farið, auk þess sem reyndar heimakonur hafa farið annað.

Meðalaldur leikmanna hefur lækkað og reynslan innan liðsins minni en oft áður. Eftir að hafa lengi verið í allra fremstu röð og toppbaráttu á hverju ári í mörg ár hefur Þór/KA þurft að berjast í neðri hluta efstu deildar undanfarin þrjú sumur.

Það hefur verið

þroskandi og lærdómsríkt

fyrir hinn unga hóp, sem mun skila sér fyrr en varir.

Tveir titlar í 3. flokki

Félagið tók þátt í fimm meistaraflokksmótum, Bestu deildinni, Mjólkurbikarnum, Lengjubikarnum, Faxaflóamótinu og Kjarnafæðimótinu. Tvö þau síðastnefndu teljast þó ekki með sem fullgild KSÍmót og lúta þau öðrum reglum varðandi gjaldgengi leikmanna. Leikir í þessum mótum eru ekki taldir með í skráningu meistaraflokksleikja á vegum KSÍ.

Þór/KA endaði í 2. sæti í Kjarnafæðismótinu, sem og í Faxaflóamótinu. Í Lengjubikarnum vann liðið þrjá leiki og tapaði tveimur, endaði í 3. sæti B-riðils og komst því ekki áfram í undanúrslit.

Í Mjólkurbikarkeppninni hefja liðin í efstu deild leik í 16 liða úrslitum. Þór/KA mætti Haukum á heimavelli og vann, 6-0. Liðið beið síðan ósigur gegn Selfyssingum á útivelli í átta liða úrslitum.

Þór/KA (og Þór/KA/KS) á að baki 22 tímabil í efstu deild, þar af hefur liðið verið samfleytt



frá 2006, eða í 17 tímabil. Á árunum 2008 til og með 2019 var Þór/KA eina liðið sem var öll árin í einu af fjórum efstu sætum deildarinnar.

Þór/KA endaði sumarið í 7. sæti Bestu deildarinnar með 17 stig eða rúmlega 0,94 stig að meðaltali í leik. Liðið vann fimm leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði 11 leikjum, markatalan var 25-47.

Þór/KA tefldi fram einu liði í 2. flokki og þremur í 3. flokki. A-liðið í 3. flokki varð bæði Íslands- og bikarmeistari. Á árinu spiluðu 11 stelpur úr Þór/KA landsleiki fyrir yngri landslið Íslands, en enn fleiri tóku þátt í úrtaksæfingum og æfingum A-landsliðs og U23 landsliðsins, án þess þó að spila landsleiki.



Þjálfarar frá hausti 2021

- ◆ **Jón Stefán Jónsson**
aðalþjálfari meistaraflokks
- ◆ **Perry Mclachlan**
aðalþjálfari meistaraflokks
- ◆ **Ágústa Kristinsdóttir**
- ◆ **Birkir Hermann Björgvinsson**
- ◆ **Harpa Jóhannsdóttir**
hluta úr ári
- ◆ **Pétur Heiðar Kristjánsson**
- ◆ **Hannes Bjarni Hannesson**
sjúkrapjálfari og styrktarþjálfari hluta úr ári
- ◆ **Hulda Elma Eysteinsdóttir**
styrktarþjálfari hluta úr ári

Perry Mclachlan og Jón Stefán Jónsson tóku við liðinu haustið 2021, en létu af störfum haustið 2022. Stjórn Þórs/KA réði þá Jóhann Kristin Gunnarsson til starfa, en hann stýrði liðinu einnig tímabilin 2012-2016 með mjög góðum árangri.

Frá haustinu 2022 var þjálfarateymið þannig skipað.

- ◆ **Jóhann Kristinn Gunnarsson**
aðalþjálfari
- ◆ **Pétur Heiðar Kristjánsson**
aðstoðarþjálfari mfl. og þjálfari 2. fl. U20
- ◆ **Ágústa Kristinsdóttir**
yfirþjálfari yngri flokka og þjálfari 3. Flokks
- ◆ **Birkir Hermann Björgvinsson**
aðstoðarþjálfari 2. Fl. U20
- ◆ **Hulda Björg Hannesdóttir**
þjálfari 3. flokks
- ◆ **Aron Birkir Stefánsson**
markvarðarþjálfari
- ◆ **Siguróli Kristjánsson**
yfirmaður knattspyrnumála og hugarfarsþjálfari
- ◆ **Egill Ármann Kristinsson**
styrktarþjálfari
- ◆ **Sigurbjörn Bjarnason**
styrktarþjálfari

Breytingar á stjórn

Á ársfundi í apríl gáfu fimm stjórnarmenn ekki kost á sér til áframhaldandi setu, en það voru þau Anný Björg Pálmadóttir, Ólafur Svansson, Sólveig Tryggvadóttir, Stefán Freyr Jó-

hannsson og Víðir Rósberg Egilsson. Þeim eru færðar þakkir fyrir störf í þágu félagsins, en eins og ávallt kemur maður í manns stað. Ný stjórn tók við í apríl 2022. Dóra Sif Sigtryggisdóttir og Guðrún Una Jónsdóttir voru þau einu úr fyrri stjórn sem gáfu kost á sér áfram.

Nýr fatnaðarsamningur haustið 2022

Þór/KA er hluti stærri samnings sem knattspyrnudeild gerði haustið 2022 við íþróttavöruframleiðandann Macron í gegnum Macron á Íslandi og munu lið félagsins því æfa og spila í Macron-fatnaði að minnsta kosti næstu fjögur árin, 2023-2026.

Með samningnum við Macron lýkur fjögurra ára samstarfi félagsins við Nike í gegnum Sport 24 og færum við fyrirtækinu og starfsfólki þess bestu þakkir fyrir þjónustuna.

Þungur rekstur

Rekstur félagsins var erfiður á árinu, mikið rekstrartap sem mun hafa áhrif á allan rekstur og allt okkar starf á næstu misserum, en þau sem að Þór/KA standa eru staðráðin í að snúa rekstrinum við og sækja fram á við, jafnt utan sem innan vallar.

Þrátt fyrir að stjórnarfolk, sjálfboðaliðar, leikmenn úr öllum flokkum og aðstandendur leggi líf og sál í fjáröflunarverkefni af ýmsu tagi þarf meira til. Þór/KA hefur í gegnum tíðina notið



Sandra María Jessen var kjörin íþróttakona Þórs 2022.

þess að eiga öfluga bakhjarla, hvort tveggja innan leikmanna- og aðstandendahópsins,

sem í atvinnulífinu og fyrir það erum við þakklát. Það er hins vegar lýjandi að starfa á þessum vettvangi þar sem mikil orka og tími fara í að afla fjár til að geta haldið úti félagi og liðum í fremstu röð,

því metnaður okkar stendur ávallt til þess að eiga lið í fremstu röð og berjast um titla.

Jafnrétti er lögbundið og á að vera sjálfsagt. Það er líka lýjandi að ofan á alla þá orku sem fer í rekstur knattspyrnuliða, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem kostnaður við ferðalög í mót er gríðarlegur, að á árinu 2022 skuli konur í knattspyrnu og öðrum íþróttum enn þurfa að berjast fyrir jafnrétti á öllum sviðum. Kraftar sjálfboðaliða og launaðs starfsfólks ættu að fara í annað.

Stjórn 2022

Dóra Sif Sigtryggisdóttir formaður
Bjarni Freyr Guðmundsson
Björgvin Hrannar Björgvinsson
Guðrún Una Jónsdóttir
Íris Egilsdóttir
Nanna Björnsdóttir



Körfuknattleiksdeild

Meistaraflokkur kvenna

Sumarið 2021 skráðum við meistaraflokk til leiks á ný í 1. deild kvenna. Uppaldir leikmenn sem voru á mála annarra liða komu heim og sumar sem rifu skóna af hillunni fyrir fyrsta tímabil liðsins eftir rúmlega tveggja ára hlé. Meistaraflokkur kvenna réði sinn fyrsta erlenda atvinnumann á tímabilinu, Ionna McKenzie, en hún lék einungis einn leik á

árinu 2022 vegna meiðsla. Liðið endaði fyrsta tímabilið sitt í 5. sæti 1. deildar kvenna og rétt missti af úrslitakeppninni á fyrsta ári.

Milli tímabila voru litlar hræringar í leikmannahópi liðsins. Ionna McKenzie kvaddi liðið en í hennar stað kom atkvæðamesti erlendi leikmaður tímabilsins í 1. deild kvenna, Maddie Sutton. Katla María Magdalena Sæmundsdóttir lagði skóna á hilluna er tímabilinu lauk. Um sumarið bættist svo við ung og efnileg

stelpa, Valborg Elva Bragadóttir, en hún kom í Þór frá Skallagrími, sem höfðu nýverið dregið lið sitt úr keppni í úrvalsdeild kvenna. Marín Lind Ágústsdóttir ætlaði vestur til Bandaríkjanna í háskóla að spila körfubolta en vegna veikinda spilaði hún áfram með liðinu út árið 2022. Eva Wium Elíasdóttir, Karen Lind Helgadóttir, Emma Karólína Snæbjarnardóttir og Vaka Bergrún Jónsdóttir sinntu allar landsliðsverkefnum af einhverju tagi yfir sumarið.

Meistaraflokkur kvenna kom inn með mikinn kraft í tímabilið 2022-2023. Líkt og kom áður fram að þá hafði hópurinn lítið breyst milli tímabila en liðið samanstendur mestmegnis af leikmönnum sem uppaldir eru hjá Þór. Í lok árs 2022 sátu stelpurnar í 2. sæti deildarinnar.

Áhorfendatölur á kvennaleiki árið 2022 fóru aldrei undir 100. Mikil stemning var í stúkunni og umgjörð í kringum liðið var framúrskarandi og vakti athygli hjá útiliðum. Í hópnum ríkir mikil gleði sem hefur þótt eftirtektaverð á fyrstu tveimur tímabilum liðsins.



Heiða Hlín Björnsdóttir var útnefnd körfuboltakona Þórs árið 2022.
Mynd: Skapti Hallgrímsson - Akureyri.net.

Bundnar eru vonir við að flottur árangur og skemmtileg umfjöllun um kvennalið muni skila okkur enn frekari fjölgun í yngri flokkum og stefnan sett á að gera meistaraflokk kvenna að sjálfbæru efstudeildarliði sem þar sem uppaldir stelpur spila í lykilhlutverkum.

Meistaraflokkur kvenna mun hefja tímabilið 2023-2024 í efstu deild kvenna í fyrsta sinn í 45 ár.

Mikil stemning var í stúkunni og umgjörð í kringum liðið var framúrskarandi og vakti athygli hjá útiliðum. Í hópnum ríkir mikil gleði sem hefur þótt eftirtektarverð á fyrstu tveimur tímabilum liðsins.

Meistaraflokkur karla

Árið 2022 var ekki eins árangursríkt og 2021 þegar meistaraflokkur karla endaði tímabilið í 7. sæti þáverandi Domino's deildar, jafnbesti árangur deildarinnar frá upphafi. Fyrsti sigur



meistaraflokks karla kom 5. febrúar í heima-leik gegn Grindavík en því miður var það eini sigurleikur liðsins tímabilið 2021-2022. Liðinu stjórnaði Bjarki Ármann Oddsson og honum til aðstoðar var hann Jón Ingi Baldvinsson.

Júlíus Orri Ágústsson kvaddi Þór í bili og hélt til Bandaríkjanna þar sem hann spilaði með háskólaliðinu Caldwell í 2. deild háskólakörfuboltans. Júlíus sneri ekki aftur heim í Þór eftir eitt tímabil vestanhafs en hann gekk til liðs við Stjörnuna fyrir tímabilið 2022-2023.

Lykilleikmaðurinn Ragnar Ágústsson var kjö inn íþróttamaður Þórs árið 2021 en hann fór heim á Sauðárkrók þar sem hann leikur nú í úrvaldsdeild með Tindastól. Dúi Þór Jónsson gekk til liðs við Þór frá Stjörnuni fyrir keppnistímabilið 2021-2022 en hann fór í Álftanes fyrir tímabilið 2022-2023.

Körfuknattleiksdeild Þórs hafði síðustu tímabil varið umtalsverðum fjármunum í erlenda leikmenn og eftir tímabilið 2021-2022 tók deildin

upp nýja stefnu, að veita uppöldum leikmönnum tækifæri í 1. deild karla haustið 2022, rækta unga leikmenn og byggja upp á okkar heimamönnum.

Ungur og efnilegur þjálfari, Óskar Þór Þorsteinsson, tók við sem þjálfari liðsins um sumarið.

Óskar hafði áður verið aðstoðarþjálfari hjá Álftanesi þar sem hann starfaði með gömlum Þórsara, Hrafni Kristjánssyni. Samhliða því þjálfaði Óskar í yngri flokkum Stjörnunnar og var hann sömuleiðis mikill fengur fyrir barna- og unglingaráð.

Fyrir utan ofangreinda leikmenn hóf liðið leik á ný haustið 2022 með sama íslenska kjarna. Í upphafi tímabilsins voru þeir Smári Jónsson og Baldur Jóhannesson þeir atkvæðamestu í liði Þórs en aðrir ungir og efnilegir fengu að stíga sín fyrstu skref og aðrir fengu stærri hlutverk í meistaraflokki.

Í lok ársins 2022 sat liðið í neðsta sæti með einungis einn sigur sem kom á heimavelli gegn Sindra.

Stefna meistaraflokks karla verður áfram sú sama, þ.e. að takmarka fjölda erlendra leikmanna og halda áfram að gefa ungum og efnilegum Þórsurum séns með meistaraflokki næstu árin. Í yngri flokkum er góður efniviður og einstaklingar sem munu klárlega láta finna fyrir sér á stóra sviðinu í komandi framtíð.

Barna- og unglíngaráð

Líkt og síðastliðin ár var gríðarleg fjölgun iðkenda milli ára í körfubolta. Fjölgun ber með sér alls kyns áskoranir sem barna- og unglíngaráð reyna að glíma við af bestu getu. Fjölgun krefst fleiri þjálfara svo allir iðkendur fái þá athygli sem þeir eiga skilið á æfingum og í leikjum.

Hér spretta upp útikörfuboltavellir víða um bæinn og við erum spennt að sjá slíka velli fyrir utan Giljaskóla og Síðuskóla. Deildin hefur aldrei verið með eins mörg skráð lið á Íslandsmóti og þetta tímabil en vegna fjölgunar getum haldið úti B og C liðum í mörgum flokkum, boðið upp á fleiri leiki fyrir okkar iðkendur sem og verkefni sem henta hverjum og einum.

Markmið barna- og unglíngaráðs

Fram undan eru markmið hjá barna- og unglíngaráði mjög skýr. Við munum halda áfram að stuðla að frekari fjölgun með einum eða öðrum hætti en ríkari áhersla verður lögð á fjölgun stúlkna, þar sem við eigum helling inni. Sömuleiðis munum við reyna að sporna við brottfalli í eldri hópunum okkar eins mikið



og hægt er miðað við aðstöðuleysi og tímaleysi sem deildin glímir við

Deildin mun halda áfram að mennta og þróa framtíðar þjálfara og auka þannig möguleika okkar iðkenda að ná þeim markmiðum sem þau vilja ná. Annað markmið deildarinnar er að stilla saman strengi í þjálfarahópnum, tengja þá mun betur saman og vinna saman eftir sömu stefnunni. Ítarleg stefnumótum var unnin af Daníel Andra Halldórssyni, yfirþjálfara og Óskari Þór Þorsteinssyni, þjálfara hjá yngri flokkum. Lögð verður rík áhersla á að þjálfarar séu að vinna með svipaðar áherslur.

Sömuleiðis verður unnið að því að gera umgjörð yngri flokkana okkar enn betri með kaup á betri æfingabúnaði. Árið 2022 keypti barna- og unglíngaráð skotvél fyrir iðkendur til að nota á æfingum. Slíkur búnaður hjálpar til

við skottækni barna og framfarir á sviðinu munu skila sér inn á völlinn. Unglingaráð fjárfesti sömuleiðis í fleiri og betri boltum og elstu boltarnir voru gefnir til grunnskóla í Þorpinu sem krakkar geta notað í frímínútum úti á körfubolta-völlum.


Fjölgun iðkenda

Síðastliðin ár hefur markmið barna- og unglíngaráðs verið að fjölga iðkendum sem má með sönnu segja að hafi tekist nokkuð vel. Því miður á barna- og unglíngaráð ekki nægilega haldbær gögn um fjölgun iðkenda milli ára en áætla má að iðkendur hefðu verið rétt rúmlega 100 talsins í upphafi tímabilsins 2019-2020 en í lok ársins 2022 voru iðkendur orðnir yfir 220 talsins.

Kvennaliði var komið aftur á laggirnar haustið 2021 og vonin var að ávinningur þess yrði aukin áhugi ungra kvenna á körfubolta. Stúlkum á grunnskól aldri hefur fjölgað en ríkari áhersla verður lög á frekari fjölgun árið 2023 og 2024.

Árangur yngri flokka á árinu 2022

Í lok keppnistímabilsins 2021-2022 áttu Þórs- arar fjögur lið sem léku til úrslita í sinni deild í yngri flokkum. Í unglíngaflokki karla mættu strákarnir okkar Völsurum en lutu í lægra



Fjöldi iðkenda eftir flokkum.

haldi og fóru heim með silfurverðlaun í 2. deild. 9. flokkur karla mættu ÍR í úrslitum 3. deildar og töpuðu þar í æsispennandi fram- lengdum leik. Strákarnir í 10. flokki mættu Ármanni í úrslitum 2. deildar og báru sigur af hólmi. Þeir hófu keppnistímabilið 2022-2023 í efstu deild í fyrsta sinn. Stelpurnar í stúlkna-

flokki mættu svo Aþenu í úrslitaleik 2. deildar og sigruðu þar sömuleiðis.

Hjá barna- og unglíngaráði Þórs starfar fjölbreyttur hópur af þjálfurum. Í hópnum er fjöldi þjálfara með áratuga reynslu af þjálfun í körfubolta í

bland við ungt fólk sem er að hefja sinn þjálf- araferil. Barna- og unglíngaráð hefur sett sér skýra stefnu sem snýr að því að mennta þjálf- arahópinn enn frekar og reglulega svo hægt sé að bjóða iðkendum upp á betri og skil- virkari þjálfun í hverjum hóp fyrir sig.

Barna- og unglíngaráð hefur sett sér skýra stefnu sem snýr að því að mennta þjálfarahópinn enn frekar og reglulega svo hægt sé að bjóða iðkendum upp á betri og skilvirkari þjálfun.

Landsliðsverkefni iðkenda Þórs

Sumarið 2022 fóru alls níu krakkar frá Þór í einhvers konar landsliðsverkefni. Fimm þeirra voru í undirbúningi fyrir U15 sem er yngsti aldur landsliða. Karen Lind Helgadóttir fór í verkefni með U20 og Eva Wium Elíasdóttir var fyrirliði U18 í verkefnum þeirra. Hákon Hilmir Arnarsson og Helgi Hjörleifsson voru báðir í æfingahóp U16. Hákon Hilmir komst áfram í lokahóp en gaf ekki kost á sér í keppni.

Aðstöðuleysi

Enn glímir Körfuknattleiksdeild Þórs við aðstöðu- og tímaleysi og er það farið að bitna gríðarlega á yngri flokkum félagsins. Brottfall eldri iðkenda vegna æfingátíma seint á kvöldin er stór ástæða sem og niðurfelling æfinga um helgar vegna leikja í húsinu. Fjölgun leikja tengist fjölgun iðkenda með beinum hætti; fleiri iðkendur þýðir fleiri keppnislið sem skráð eru á Íslandsmóti og þ.a.l. verður meira álag á húsinu um helgar. Opnunartími Glerárskóla um helgar er gríðarlega takmarkaður og því þarf að fella niður fjölda æfinga vegna leikja og ekki hægt að færa æfingaeða leikjastarfsemi í annað hús til þess að koma í veg fyrir niðurfellingu æfinga. Yngri flokkar kkd. æfa mestmegnis í Glerárskóla en við deilum húsi með tveimur boccia

deildum og borðtennisdeild. Yngri flokkar æfa sömuleiðis í Síðuskóla á ólöglegu undirlagi og svo í Íþróttahöllinni en Höllin er frekar nýtt undir meistaraflokka þar sem það er þeirra heimavöllur. Iðkendur Þórs æfa talsvert minna í viku í langflestum aldurshópum heldur en jafnaldrar sínir á Suðurlandi, Höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesskaganum

vegna tíma-úthlutunar Akur-eyrarbæjar sem og þess að eiga ekki nægilega stórt íþróttahús með nægilega mörgum körfum svo hægt sé að halda tvær æfingar á sama tíma.

Glerárskóli hentar ekki okkar elstu hópum og ekki heldur okkar fjöl-

mennustu hópum. Aðalvöllurinn er ólöglegur og hliðarvellir eru of litlir fyrir iðkendur eldri en 11 ára. Takmarkað pláss, fjöldi leikvalla og karfa skapar ýmist vandræði fyrir þjálfara að virkja iðkendur, koma í veg fyrir langar raðir og takmarka einnig fjölbreytni æfingarinnar. En deildin mun áfram leggja sig alla fram við að iðkendum finnist gaman á æfingum, að þeir séu virkir og allir fái að snerta boltann nógu oft og mikið en aðstöðuleysi hamlar deildina þegar á að fylgja stefnu og áherslum yngri landsliða Íslands svo iðkendur okkar uppfylli skilyrði KKÍ í úrtakshópum, t.d. að spila vörn á fullum velli.

Enn glímir körfuknattleiksdeildin við aðstöðu- og tímaleysi og er það farið að bitna gríðarlega á yngri flokkum félagsins. Brottfall eldri iðkenda vegna æfingátíma seint á kvöldin er stór ástæða sem og niðurfelling æfinga um helgar vegna leikja í húsinu.

Starfsemi deildarinnar árið 2022 svipar til fyrri ára, þar sem fáir iðkendur og skortur á æfingahúsnæði einkenna starfið. Þar fyrir utan hefur verið mikill ágreiningur innan Taekwondo sambands Íslands (TKÍ) sem hefur haft áhrif á skipulag mótahalds og yfirbyggingu Taekwondo á Íslandi. Nokkur ró komst á eftir aðalfund um vorið en þar er mikið starf fyrir höndum við skipulagningu og að koma mótamálum í góðan farveg.

að slíkum brynjum að staðaldri er þetta dýrmæt reynsla fyrir deildina.

Björn Heiðar Rúnarsson (1. Dan) kom inn sem þjálfari í haust og eru því tveir vanir þjálfarar að staðaldri á æfingum.

Haukur Fannar hefur um árabíl verið að leggja áherslu á dómgæslu, sem er mjög verðmætt þar sem reyndir dómara sem sækja þau námskeið sem bjóðast eru fáir á

Taekwondodeild

Í stjórn eru Haukur Fannar Möller sem formaður og Stefanía Hauksdóttir sem gjaldkeri. Áherslur deildarinnar eru eins og áður á barnastarf og hefðbundið Taekwondo.

Beltapróf eru að jafnaði haldin í lok haustannar og vorannar. Undarfarin ár hafa Taekwondo-deild Þórs og Taekwondo-deild Völsungs sameinast um beltapróf hér fyrir norðan. Árið 2022 var eitt beltapróf í lok maí en beltapróf haustannar frestaðist fram í febrúar 2023.

Í mars hélt TAÍ æfingabúðir með áherslu á bardaga í íþróttahúsinu á Hrafnagili, en slíkar æfingabúðir stendur til að reyna að halda einu sinni til tvisvar á ári. Þá mættu um 20 manns að sunnan, aðallega úr Mudo Gym í Kópavogi og farið yfir tækni við keppni með rafmagnsbrynjur ásamt því þi iðkendum gafst færi á að prófa æfingabardaga í rafmagnsbrynjum. Þar sem deildin hefur ekki aðgang

Íslandi. Nokkuð hefur vantað upp á dómaramál um langt skeið í Taekwondo á Íslandi, en með nýrri stjórn TKÍ hafa dómaramál fengið mikið vægi til að mót sambandsins geti gengið vel fyrir sig.

Einnig hefur Haukur fengið hlutverk innan landsliðsins í Poomsae, þar sem hann er nú liðsstjóri (Head of Team).

Þjálfarar deildarinnar

Yfirþjálfari deildarinnar er Haukur Fannar Möller (3. Dan) sem hefur haldið utan um starfið um árabíl. Í sumar bættist Björn Heiðar Rúnarsson (1. Dan) sem þjálfari, en hann hefur áður kennt hjá deildinni.

Einn iðkndi í eldri hóp er byrjaður að hjálpa til við þjálfun og stendur til að koma í formlegt þjálfaranám, annars vegar í gegnum ÍSÍ og hins vegar í gegnum Taekwondo Akademíu Íslands.

Iðkendatölur

Taekwondo-deildinni er skipt í tvo flokka, yngri (12 ára og yngri) og eldri (13 ára og eldri).

Iðkendatölur 2022 skv. Sportabler:

- Yngri: 8 iðkendur
- Eldri: 3 iðkendur

Eftir áramót fóru þjálfarar yfir skráningar og hefðu þær átt að vera sex í eldri hóp.

Rekstur

Deildin stendur ágætlega, þar sem til er svolftill sjóður ásamt því sem útgjöld eru ekki mikil. Þjálfarar vinna í sjálfboðavinnu og helstu útgjöld hafa verið í kringum atburði deildarinnar, sem voru ekki margir á liðnu ári, að hluta vegna þess að sumum var frestað fram yfir áramót.

Staða í upphafi árs: 566.739kr

Staða í loka árs: 697.234kr

Búningamál

Í Taekwondo er notast við Taekwondogalla sem eru keyptir frá útlöndum. Eins og stendur á deildin ekki auka galla en unnið er að stærri pöntun ásamt fleiri félögum.

Aðstaða

Deildin er í vandræðum hvað varðar aðstöðu. Undanfarin ár hefur deildin verið í

Oddeyrarskóla sem hentar ágætlega hvað varðar stærð en einungis haft tíma kl. 18-20 á þriðjudögum og 17-19 á fimmtudögum. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á yngri iðkendur, þar sem erfiðara er að fá þau til að mæta á þessum tíma og þau oft þreytt.

Unnið er að því að finna lausn á þessum vanda.

Lokaorð

Deildin stendur ágætlega hvað varðar þjálfara og fjármagn og nokkuð góður kjarni er að myndast í yngri hóp, en eldri hópur er fámennur og enn eitt árið eru vandræði með húsnæði og æfingatíma. Nú reynir á stjórn og þjálfara að byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur og takast á við áskoranir sem deildin stendur frammi fyrir.

Þau mál sem lögð verður áhersla á eru:

- Fjölga í og efla stjórn deildarinnar.
- Betr skipulag með góðum fyrirvara í kringum skráningar og atburði deildarinnar.
- Hér þarf einnig að endurbæta Facebook-síðu, Þórssíðuna og notkun á Sportabler.
- Fjölga iðkendum.
- Fara að lágmarki tvisvar á önn suður á mót og/eða æfingabúðir.

Eins og áður verður unnið að því að finna húsnæði og/eða betri æfingatíma.

Pollamót Samskipa

Sumarið 2022 var 35. Pollamótið haldið, eða Pollamót Samskipa eins og það heitir þar sem Samskip hafa verið okkar stærsti samstarfsaðili við mótshaldið undanfarin ár.

Alls skráðu 67 lið sig til leiks á mótinu, sem er metþátttaka, en að okkar bestu vitund höfðu þátttökulið orðið flest 62 áður, árin 2015 og 2021. Fjöldi karlaliða var svipaður og undanfarin ár, en það voru konurnar sem áttu heiðurinn að þessari fjölgun. Þar höfðu liðin



Úkraína var búningahönnuðum Ungmennafélagsins Ópökka ofarlega í huga á Pollamótinu 2022.

Pollamót Samskipa

flest verið 18 árið 2019, en nú voru 25 lið með nokkuð á fjórða hundrað leikmönnum skráð í kvennadeildirnar, sem er met. Þátttakendur voru um 830 þegar upp var staðið, en vegna þreytu, meiðsla eða jafnvel metnaðar hjá sumum liðum bættu allmörg lið við sig leikmönnum á síðari mótsdeginum. Keppt var í sjö aldursskiptum deildum, fjórum hjá körlunum og þremur hjá konunum.

Fyrir utan skemmtunina inni á vellinum lék veðrið við gesti og var stemmingin á pallinum eins og best verður á kosið. Á föstudagskvöldinu var útidagskrá þar sem skemmtikraftar tróðu upp á pallinum og á laugardagskvöldinu var slegið upp stærsta Pallaballinu hingað til í Boganum.

Þrátt fyrir margs konar skallaföll innan og utan vallar má segja að Pollamót Samskipa 2022 hafi heppnast vel. Þegar um 830 knattspyrnuhetjur á öllum aldri safnast saman og etja kappi þarf gott skipulag og fjölmarga Þórsara, jafnt starfsfólk sem sjálfboðaliða, til að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Félagið býr vel að slíku fólki og færir mótsnefndin hér með starfsfólki Þórs og sjálfboðaliðum á vegum Þórs og Þórs/KA bestu þakkir fyrir frábært framlag til mótsins. Án þessa fjölmenna hóps væri ekki hægt að halda slík mót. Síðast en ekki síst þökkum við öllum þátttakendum á mótinu fyrir frábæra samveru og skemmtilegheit á 35. Pollamótinu.

**ERTU
NOKKUÐ
AÐ
GLEYMA
ÞVÍ AÐ
ÞJÁLFA
HUGANN?**

Heil-Inn er hugarþjálfunarverkefni
á vegum Íþróttafélagsins Þórs
í samstarfi við Haus hugarþjálfun

**HEILINN
...SKIPTIR
MÁLI**

Heil-Inn er hugarþjálfunarverkefni
á vegum Íþróttafélagsins Þórs
í samstarfi við Haus hugarþjálfun

**ERTU
AÐ
STYRKJA
HAUSINN
?**

Heil-Inn er hugarþjálfunarverkefni
á vegum Íþróttafélagsins Þórs
í samstarfi við Haus hugarþjálfun

Heil-inn hugarþjálfun

Innan íþróttafélaganna og raunar í samfélaginu öllu er vaxandi meðvitund um mikilvægi þess að styrkja hugarfarslega þætti hjá þeim sem leggja stund á íþróttir. Slíkt stuðlar að meiri ánægju og bættum árangri hjá íþróttafólkinu og hjálpar íþróttafélögum að skila góðum einstaklingum út í samfélagið.

Rannsóknir í íþróttasálfræði hafa sýnt að hugarþjálfun getur haft áhrif á hugræna færni, kvíða, sjálfstraust og frammistöðu.

Íþróttafélagið Þór telur það skyldu sína að taka þátt í að styrkja iðkendur félagsins á þessu sviði jafnt sem til eflingar hins líkamlega atgervis. Við viljum veita iðkendum okkar góð verkfæri til að takast á við lífið. Því var ákveðið að fara í sérstakt verkefni tengt hugarþjálfun fyrir alla iðkendur félagsins samhliða annarri íþróttaiðkun.

Verkefnið er hugsað fyrir iðkendur, þjálfara og foreldra allra deilda félagsins. Þjálfarar og iðkendur á aldrinum 13-19 ára hafa fengið fræðslu beint frá íþróttasálfræðingi. Yngstu iðkendurnir fá sambærileg verkfæri og þjálfun í gegnum þjálfarana sína og foreldrar fá kynningu og hvatningu til að vinna með verkfærin heima.

Þetta er frumkvöðlastarf hjá Íþróttafélaginu Þór sem er umfangsmikið og við væntum mikils af. Það er von okkar að verkefni sem þetta geti verið hluti af starfinu okkar til frambúðar og jafnvel að það geti nýst öðrum félögum í þeirra starfi.

Verkefnið er fyrir alla iðkendur hjá félaginu og er ekki valkvætt, heldur hluti af þjálfuninni.



Látnir félagar

Ágúst Herbert Guðmundsson

F.: 26.08.1967 – D.: 01.01.2021

Ágúst hafði verið tengdur körfuboltanum hér á Akureyri í um 38 ár eða allt frá því er hann flutti til Akureyrar 15 ára gamall árið 1982. Hann varð strax afar áberandi og lét mikið til sín taka, æfði af krafti og var dugmikill í öllu sjálfböðastarfi svo sem fjáraflanir o.fl. Ungur kom hann að þjálfun, fyrst sem aðstoðarþjálfari en frá 1992 sem aðalþjálfari.

Lengst af var hann þjálfari yngri flokka og var sem slíkur afar sigursæll og lið undir hans stjórn komu með fjölmarga titla í hús.

Árið 1998 tók hann að sér að þjálfa meistaraflokk Þórs og tímabilið 2000-2001 náði Þór besta árangri sínum í efstu deild undir hans stjórn. Auk þess að starfa í áratugi sem þjálfari sat hann í mörg ár sem formaður unglinga-

ráðs körfuknattleiksdeildar sem og í körfuboltastjórn.

Ágúst naut mikillar virðingar ekki bara hjá Þór heldur í körfuboltasamfélaginu á landsvísu.

Þegar Ágúst greindist með MND árið 2017 hafði hann skömmu áður verið kjörinn formaður körfuboltastjórnar en varð þá að draga sig í hlé. En þótt hann hafi orðið að hætta lét hann velferð körfuboltans sig áfram varða og var stjórninni innan handar allt þar til yfir lauk.

Ágústi hafði verið veittar ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín í þágu körfuboltans, t.d. gull- og silfurmerki Íþróttafélagsins Þórs, sem og gullmerki Körfuknattleikssambands Íslands. Þá var Ágústi veitt heiðursviðurkennning Fríðstundaráðs Akureyrar árið 2017 fyrir störf sín í þágu körfuboltans.

Atli Viðar Jóhannesson

F.: 30.08.1941- D.: 16.07.2021

Atli Viðar Jóhannesson stundaði íþróttir með Þór á sínum yngri árum þó aðallega knattspyrnu og þótti nokkuð snjall. Eftir að Atli fluttu austur hélt hann áfram að styðja og styrkja Þór með margvíslegum hætti t.d. er varðar verðlaunagripi en hann rak fyrirtæki sem flutti inn verðlaunagripi.

Hilmar Henry Gíslason

F.: 29.02.1936 – D.: 30.03.2022

Hilmar eða Marri eins og hann var gjarnan kallaður var gerður að heiðursfélagi í Þór og var það tilkynnt á þrettándagleði Þórs þann 6. janúar 2015. Hilmar var afar áberandi í hjá Þór um áratugaskeið ekki síst við uppbyggingu á félagssvæði Þórs við Glerárskóla. Marri kom einnig að undirbúningi og framkvæmd þrettándagleði Þórs í áratugi.

María Daníelsdóttir

F.: 11.06.1944 – D.: 08.01.2022

María stundaði hvort tveggja handbolta og körfubolta um langt árabil. Eftir að María hætti iðkun íþróttanna varð hún öflug í félagsstarfi og gegndi ýmiskonar störfum.

Sigurður Oddsson

F.: 13.09.1944 – D.: 04.06.2022

Sigurður Oddsson fyrrum formaður Þórs og heiðursfélagi er látinn 77 ára að aldri. Sigurður var tæknifræðingur að mennt og starfaði sem deildarstjóri Vegagerðarinnar á Norðausturlandi.

Sigurður var virkur í félagsstarfi hjá Þór og var

m.a. formaður á árunum 1980-1984. Undir stjórn Sigurðar urðu miklar breytingar á félagssvæði Þórs og strax á fyrsta ári var fyrsti grasvöllurinn vígður. Á 90 ára afmæli Þórs árið 2005 var Sigurði veitt gullmerki félagsins.

Sigurður var svo gerður að heiðursfélagi í Þór á 105 ára afmæli félagsins í hófi sem haldið var í Hamri.

Hallgrímur Skaptason

F.: 23.12.1937 – D: 27.09.2022

Þeir, sem til þekkja vita, að þegar saga Íþróttafélagsins Þórs er skoðuð og verður skráð, er óhjákvæmilegt að nafn Hallgríms Skaptasonar verði þar ritað með feitu lettri. Spor hans eru djúp og liggja víða.

Hallgrímur er af þeirri kynslóðar fólks, sem spurði ekki “hvað getur félagið gert fyrir mig” hans mottó var “hvað get ég gert fyrir félagið og hvernig get ég orðið að liði”. Og þar eru svo sannarlega verk hans meitluð í steininn. Og fræg er setning sem sögð var um annan mann, en þó tengdum Hallgrími, Verkin sýna merkin á hér vel við.

Hallgrímur reyndist félaginu sínu drjúgur í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur. Hann sat um langt árabil í stjórn knattspyrnudeildar og kom þar að margvíslegum verkefnum.

Í áratugi hefur fólk notið góðs af dugnaði Hallgríms og samferðafólki hans í Þór en hann tók virkan þátt í uppbyggingu á félagssvæði Þórs þar sem það hefur verið í u.þ.b. hálföld. Hallgrímur sat lengi í bygginganefnd sem hafði yfirumsjón að undirbúningi og byggingu Hamars, félagsheimili.

Hallgrímur sat ekki bara í nefndum og ráðum, hann tók sér í hönd hvers kyns áhöld sem þurfti til, hamar og sög, hjólbörur, skóflu og haka. Einnig var hann ötull að rúlla út þökum á grasvellina á sínum tíma, svo og koma upp girðingu allt í kringum félagssvæðið, þar var Hallgrímur mættur og lagði hönd á plóg.

Það var því vel við hæfi að Hallgrímur var gerður að heiðursfélaga í Þór við vígslu á Hamri laugardaginn 6. júní 1992. Áður hafði hann verið sæmdur gullmerki félagsins. Af þeirri viðurkenningu var Hallgrímur ákaflega stoltur alla tíð.

Meðal annarra viðurkenninga sem honum

hlotnaðist fyrir sitt óeigingjarna sjálfböðastarf í þágu íþróttahreyfingarinnar var m.a. gull- og silfurmerki KSÍ, gullmerki ÍSÍ og silfurmerki ÍBA.

Einar Gunnlaugsson

F: 08.07.1933 – D: 13.09.2022

Einar Gunnlaugsson var íþróttamaður hjá Þór á sínum yngri árum. Hans sérsvið var fyrst og síðast frjálsar íþróttir. Hann var dyggur stuðningsmaður Þórs alla tíð og fylgdist með tengdasyninum Nóa Björnsyni og barnabörnunum, Björk og Karen Nóa-dætrum.

Íþróttaeldhugi ársins

Sjálfböðaliðar gegna veigamiklu hlutverki í íþrótt- og æskulýðsstarfi í landinu og gera það að verkum að starfið í hreyfingunni er jafn öflugt og raun ber vitni. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, í samvinnu við Lottó, stóð fyrir þeirri nýbreytni að útnefna í fyrsta skipti Íþróttaeldhuga ársins úr röðum sjálfböðaliða í íþróttahreyfingunni. Með útnefningunni vill ÍSÍ vekja athygli á starfi sjálfböðaliðans og koma á framfæri þakklæti fyrir framlag sjálfböðaliða um land allt.

Fyrsti Íþróttaeldhugi ársins var útnefndur á hófi Íþróttamanns ársins og var það okkar maður Haraldur Ingólfsson sem var útnefndur Íþróttaeldhugi ársins 2022.



Friðrik Þór Óskarsson, Þóra Guðrún Gunnarsdóttir og Haraldur Ingólfsson. Þau þrjú voru valin úr 175 tilnefndum, en Haraldur síðan útnefndur íþróttaeldhugi ársins í hófi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Samtaka íþróttafréttamanna.



Herra- og kvennakvöld

Ár hvert er haldið Herra- kvöld Þórs. Herrakvöldið hefur stækkað gríðarlega síðustu ár og er orðið einn af stærstu viðburðum félagsins.

Árið 2022 var stærsta Herrakvöld Þórs sem haldið hefur verið hjá félaginu, það komu saman um 380 karlmennt og skemmtu sér saman. Þetta er mikilvæg fjáröflun fyrir knattspyrnu- deild félagsins.

Árið 2022 ákváðu nokkrar konur að taka sig saman og endurvekja Kvennakvöld sem hafði ekki verið haldið í nokkur ár. Ákveðið var að hafa það sama kvöld og Herrakvöldið fer fram. Það kvöld fór fram úr væntingum og mættu um 120 konur og skemmtu sér vel



saman.

Þetta var fjáröflun fyrir knattspyrnu- deild Þórs/KA og handknattleiks- deild KA/Þórs.

Með því að halda herra- og kvennakvöldið sama kvöld er hægt hagræða með því að samnýta skemmtikrafta o.fl. Eftir skemmtunina hittast bæði konurnar og karlarnir á sameiginlegu balli.

Til að svona kvöld geti gengið þá þarf að eiga góða

sjálfbóðaliða sem eru til í að koma að þessu með einum eða öðrum hætti og aðstoða, án þeirra er ekki hægt að halda slík kvöld. Að þessum kvöldum koma einnig mörg fyrirtæki sem styrktaraðilar. Báðar nefndirnar eru afar þakklátar fyrir alla þessa sjálfbóðaliða og styrktaraðila sem að kvöldunum koma.

Lög Íþróttafélagsins Þórs

1. grein

Félagið heitir Íþróttafélagið Þór. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkunar og félagsstarfa og veita þeim fræðslu um gildi íþróttar og heilbrigðra lífshátta.

3. grein

Allir sem æfa íþróttir innan deilda félagsins gerast sjálfkrafa félagar í viðkomandi deild og jafnframt félaginu. Aðrir sem vilja gerast félagar sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og þurfa þeir að hljóta samþykki aðalstjórnar. Við greiðslu árgjalds öðlast viðkomandi fulla félagsaðild í Þór.

4. grein

A) Heiðursfélaga getur stjórn félagsins kosið, þann mann eða konu sem hún telur að hafi unnið félaginu eða íþróttahreyfingunni sérstaklega vel. Heiðursfélagi skal kosinn með samhljóða atkvæðum allra stjórnarmanna. Heiðursfélagar eru gjaldfrjálssir gagnvart félaginu en njóta fullra félagsréttinda.

B) Heiðursformann getur stjórn félagsins kosið á sama hátt og heiðursfélaga. Heiðursformaður Þórs hefur rétt til að sitja stjórnar- og nefndafundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þá er stjórninni heimilt að veita sérstök heiðursmerki, merki félagsins í gulli, silfri eða bronsi til þeirra einstaklinga sem stjórnin telur að unnið hafi félaginu sérstaklega vel.

5. grein

Stjórn félagsins skal samþykkja eða hafna stofnun nýrra deilda og leita staðfestingar á ákvörðun sinni á félagsfundi sem skal boðaður innan tveggja vikna frá ákvörðun með sama fyrirvara og aðalfundur. Afmarka skal hvaða íþróttagreinar falla innan hversrar deildar.

6. grein

Hver deild skal hafa minnst þriggja manna stjórn: Formann, ritara og gjaldkera. Auk þess er heimilt er að kjósa meðstjórnendur. Skal aðalfundur hversrar deildar taka ákvörðun þar um.

7. grein

A) Aðalfundi deilda skal halda áður en aðalfundur félagsins. Aðalfundur deildar telst lögmætur sé hann auglýstur opinberlega með minnst sjö daga fyrirvara.

B) Stjórnir deilda skulu senda aðalstjórn dagskrá aðalfunda ásamt starfsskýrslu.

C) Dagskrá aðalfundar deilda skal vera þannig:

1. Skipaður fundarstjóri og fundarritari.
2. Skýrsla formanns.
3. Skýrsla gjaldkera, ársreikningur lagður fram.
4. Starfsemi unglíngaráðs.
5. Kosningar.
6. Önnur mál.

D) Stjórnir deilda skulu um miðjan nóvember ár hvert skila til aðalstjórnar fjárhagsáætlun fyrir komandi reikningsár.

8. grein

Rekstraráætlanir deilda skulu lagðar fyrir aðalstjórn til umsagnar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir upphaf keppnistímabils viðkomandi deildar.

9. grein

A) Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og telst hann lögmætur sé hann auglýstur opinberlega með minnst sjö daga fyrirvara.

Á aðalfundi skal formaður gefa greinargóða skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári. Einnig skal leggja fram ársreikning félagsins, yfirfarinn og áritaðan af endurskoðendum, til samþykktar. Áritaður ársreikningur skal liggja frammi á skrifstofu félagsins til skoðunar fyrir félagsmenn frá þeim tíma er auglýsing um aðalfund birtist.

B) Aðalstjórn félagsins er skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, þremur meðstjórnendum og tveimur varamönnum. Formaður aðalstjórnar skal kosinn sérstaklega. Sé enginn kjörinna aðalstjórnarmanna á aldrinum 16 til 25 ára skal kjósa einn áheyrnarfulltrúa ungs fólks í aðalstjórn.

Aðrir stjórnarmenn og varamenn skulu kosnir til tveggja ára þannig að þrír aðalmenn og einn varamaður eru kosnir hvert ár. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Varamenn hafa ávallt rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt og skulu því boðaðir á alla fundi aðalstjórnar.

Að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund skal stjórn félagsins skipa þriggja manna kjörnefnd, sem hefur það hlutverk að sjá til þess að a.m.k. einn frambjóðandi sé til hvers þeirra embætta sem kjósa skal í.

Koma má með uppástungur um menn í þessi embætti og skal það gert með samþykki þeirra. Fara skal fram leynileg kosning liggja fyrir framboð eða uppástungur um fleiri en einn í formannssæti, fleiri en þrjá í stjórn eða fleiri en einn varamenn.

Aðalstjórn tekur á daglegum rekstri félagsins og fundar eins oft og þurfa þykir.

Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja fundi aðalstjórnar. Formenn allra deilda félagsins hafa rétt til setu á fundum aðalstjórnar, að hluta eða öllu leyti, eftir því sem umfjöllunarefni hverju sinni gefa tilefni til. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum aðalstjórnar. Heimilt er að annar úr stjórn deildar sitji fund aðalstjórnar ef formaður er forfallaður.

Aðalstjórn skal jafnframt minnst einu sinni á ári funda með stjórn hvernar deildar um málefni og framtíð deildarinnar og skal tímasetning slíkra funda taka mið af starfsemi og verkefnum hvernar deildar fyrir sig.

Atkvæðisrétt öðlast félagar við 16 ára aldur, hafi þeir greitt árgjald og séu skuldlausir við félagið.

C) Dagskrá aðalfundar Þórs skal vera þannig:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
3. Skýrsla gjaldkera, ársreikningur lagður fram til samþykktar.
4. Tillögur um lagabreytingar, sem löglega eru fram komnar.
5. Kosningar.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Önnur mál.

10. grein

Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið ef efni og aðstæður leyfa.

Óheimilt er að sitjandi formaður eða aðrir stjórnarmenn gegni starfi framkvæmdastjóra.

11. grein

A) Aðalstjórn hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda.

B) Formaður er málsvari félagsins ásamt stjórn, staðfestir fundargerðir ásamt ritara og gætir eigna félagsins og þeirra verðlaunagripa er það varðveitir.

C) Ritari færir gjörðabók stjórnar- og félagsfunda, annast bréfaskriftir og varðveitir bréf og skjöl félagsins.

D) Gjaldkeri ber ábyrgð á að bókhald tekna og gjalda sé í samræmi við gildandi lög og bókhaldsreglur. Enn fremur sér hann um eftirlit með því að rekstur félags og deilda sé í samræmi við samþykktar áætlanir.

E) Formanni, ritara og gjaldkera er heimilt að fela framkvæmdastjóra hluta starfa sinna, með samþykki stjórnar.

F) Aðalstjórn getur skipað menn í nefndir og ráð á vegum félagsins. Stjórn félagsins setur hverri nefnd eða ráði starfsreglur.

12. grein

A) Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem stjórninni þykir nauðsyn bera til, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórnarfundur er því aðeins ákvörðunarbær að meirihluti stjórnarmanna sæki fundinn. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Stjórnin skal halda gerðabók um það sem tekið er fyrir á fundum hennar og skulu fundargerðir staðfestar með undirskrift þeirra er sátu fundinn.

B) Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar þegar hún telur þess þörf eða þegar minnst 20 félagsmenn, 16 ára og eldri sem eru ekki í vanskilum við félagið, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa er fram komin skal stjórnin boða til fundar innan viku með viku fyrirvara.

13. grein

Engum félagi er heimilt að keppa með öðru félagi nema að fengnu leyfi viðkomandi deildar.

14. grein

Upphæð árgjalds skal ákveðin á aðalfundi. Innheimta skal árgjald með rafrænum hætti, jafnframt því að vekja athygli á því með auglýsingum í staðarmiðlum. Gjaldþagi árgjalds skal vera ákveðinn af stjórn en þó eigi síðar en 1. september og eindagi 30 dögum síðar.

Vextir skulu aldrei reiknaðir á árgjald.

Við greiðslu árgjalds öðlast/viðheldur félagsmaður fullri félagsaðild og hefur atkvæðisrétt á næsta aðalfundi og öðrum félagsfundum fram til innheimtu næsta árgjalds. Nýir félagsmenn hafa því aðeins atkvæðisrétt á aðalfundi að þeir hafi gengið í félagið og greitt árgjaldið að minnsta kosti þremur dögum fyrir aðalfund.

Sé árgjald ógreitt á eindaga missir viðkomandi félagsréttindi sín. Sé árgjald eigi greitt einu ári eftir eindaga skal viðkomandi strikaður út af félagatali Þórs. Æski viðkomandi að ganga aftur í félagið skal hann greiða fyrra árgjald. Þá fyrst getur hann öðlast full félagsréttindi í Þór að nýju.

15. grein

Vilji félagsmaður segja sig úr félaginu skal hann tilkynna það til stjórnar eða skrifstofu félagsins og er þar með strikaður út af félagatali. Félagsmenn sem ekki greiða árgjaldið eru áfram skráðir í félagið, án þess þó að teljast fullgildir félagar með atkvæðisrétt á aðalfundi.

16. grein

Verði einhver félagi sekur um afbrot sem stjórnin telur félaginu eða íþróttahreyfingunni til vanvirðingar, þá getur hún vikið honum úr félaginu eða gripið til annarra viðeigandi ráðstafana.

17. grein

Merki félagsins skal vera á öllum búningum þess. Deildir geta sótt um undanþágu frá þessu til aðalstjórnar. Aðalbúningur félagsins í boltaíþróttum er hvít skyrta með rauðu hálsmáli og rauðum líningum á ermum, rauðar buxur og rauðir eða hvítir sokkar. Stjórnnum deilda er heimilt að sækja um til aðalstjórnar að búningur deildar sé í öðrum litum en aðalbúningur félagsins.

Enginn má nota merki félagsins án samþykkis aðalstjórnar Íþróttafélagsins Þórs.

18. grein

Hætti félagið störfum eða það lagt niður, ber að afhenda allar eigur þess, bækur og skjöl, stjórn ÍBA til varðveislu (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdastyrk frá Akureyrarbæ).

19. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þurfa þá að minnsta kosti 2/3 hlutar fundarmanna að vera breytingunum samþykkir. Frumvörp til lagabreytinga þarf að tilkynna stjórn félagsins skemmst tveim vikum fyrir aðalfund og enn fremur þarf að geta þeirra í aðalfundarboði. Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim eru úr gildi numin öll eldri lög Íþróttafélagsins Þórs.

Lögum þessum var síðast breytt á aðalfundi félagsins 27. apríl 2023.

Aðalstjórn Þórs

adalstjorn@thorsport.is

Þóra Pétursdóttir formaður
Íris Ragnarsdóttir varaformaður
Unnsteinn Einar Jónsson gjaldkeri
Eva Halldórsdóttir ritari
Nói Björnsson
Þorgils Sævarsson
Ragnar Níels Steinsson varamaður
Jakobína Hjörvarsdóttir, fulltrúi unga fólksins

Hnefaleikadeild

hnefaleikar@thorsport.is

Sævar Ingi Rúnarsson formaður
Marta María Kristjánsdóttir gjaldkeri
Hreinn Viðar Gunnlaugsson ritari
Helga María Harðardóttir
Tamasz Mackiewicz

Keiludeild

keila.sthorn@thorsport.is

Björgvin Helgi Valdimarsson formaður
Guðmundur Konráðsson varaformaður
Höskuldur Stefánsson gjaldkeri
Ólafur Þór Hjaltalín ritari
Jörgen Sigurðsson
Sigurður Óli Jónsson

Knattspyrnudeild

Stjórn

knattspyrna@thorsport.is

Bjarni Sigurðsson formaður
Bkrkir Hermann Björgvinsson varaformaður
Hlynur Birgisson ritari
Sigurður Grétar Guðmundsson
Sævar Eðvarðsson

Unglingaráð

knattspyrna.unglingarad@thorsport.is

Brynjólfur Sveinsson formaður
Halldóra Kristín Hauksdóttir gjaldkeri

Handknattleiksdeild

Stjórn

stjornhandbolti@thorsport.is

Árni Rúnar Jóhannesson formaður
Kristján Gylfason varaformaður
Ágúst Lárusson gjaldkeri
Helga Lyngdal
Sara Hrönn Viðarsdóttir
Steinn Símonarson

Unglingaráð

handbolti@thorsport.is

Benedikt Ármannsson formaður
Anna Kristín Magnúsdóttir gjaldkeri
Inda Björk Gunnarsdóttir ritari
Bjarni Pétursson
Guðbjörg Anna Björnsdóttir
Kristinn Frímann Jakobsson
Páll Pálsson

Elsa Björg Pétursdóttir
Fjalar Úlfarsson
Guðríður Sveinsdóttir
Ingi Hrannar Heimisson

Stjórn Þórs/KA

thorka@thorka.is

Dóra Sif Sigtryggsdóttir formaður
Guðrún Una Jónsdóttir ritari
Bjarni Freyr Guðmundsson
Björgvin Hrannar Björgvinsson
Hlynur Hallsson
Íris Egilsdóttir
Nanna Björnsdóttir

Körfuknattleiksdeild

Stjórn

karfan.stjorn@thorsport.is

Hjálmar Pálsson formaður
Hildur Ýr Kristinsdóttir varaformaður
Jóhann Jónsson ritari
Elías Wium gjaldkeri
Elín Sif Sigurjónsdóttir gjaldkeri
Sigurður Grétar Sigurðsson
Einar Örn Aðalsteinsson
Jónas Þór Hafþórsson
Jón Ingi Baldvinsson

Unglingaráð

Kristín María Stefánsdóttir Bagguley
formaður/gjaldkeri
Helga Kristín Jónsdóttir
Þórólfur Sveinsson

Píludeild

pila@thorsport.is

Davíð Örn Oddsson formaður
Markús Darri Jónasson ritari
Björk Viðarsdóttir gjaldkeri
Viðar Valdimarsson
Hrefna Sævarsdóttir
Ingi Þór Stefánsson
Tómas Ólafsson

Rafíþróttadeild

rafithrottir@thorsport.is

Bjarni Sigurðsson formaður
Sævar Eðvarðsson gjaldkeri
Baldur Breki Heiðarsson ritari
Andri Þór Bjarnason
Sigurður B. Júlíusson
Viktor Már Árnason

Taekwondodeild

taekwondo.yfirthjalfari@thorsport.is

Haukur Fannar Möller formaður
Stefanía Hauksdóttir gjaldkeri

